

Minnisblað frá Krikaskóla

Krikaskóli óskar eftir að halda áfram þeirri vegferð sem hafin er í 190 daga skóladagatali á yfirstandandi skólaári.

Við teljum heppilegt að auka sveigjanleika í skólastarfi Krikaskóla og festa því ekki niður 190 skóladaga. Skóladagatalið geti verið sveigjanlegt á milli ára miðað við hvernig almanak leggst ár hvert. Skóladagar barna gætu talið 190 daga til 195 daga ár hvert. Lagt yrði upp með að hefja skólastarfið viku fyrr en aðrir skólar og ljúka því viku síðar.

Skóladagatöl í Mosfellsbæ verða ákveðin tvö ár fram í tímann sem gerir það að verkum að fyrirséð er hvernig skóladagatalið liggur hverju sinni. Gefur það góða innsýn inn í sveigjanleikann og hvernig skólaárið kemur út í Krikaskóla.

Tímarammi barna í dag:

Morgunfrístund frá kl. 7:30-9:00 með morgunverði ef foreldrar kjósa.

Frístund er frá kl. 14:00-16:30 ásamt nónhressing ef foreldrar vilja. Þessa frístund greiða foreldrar fyrir samkvæmt gjaldskrá Mosfellsbæjar.

Grunnskólastarf tekur svo við frá kl. 9:00-11:20 og 12:30-14:00.

Frístund tekur svo aftur við í hádeginu frá kl. 11:20-12:30. Þá eru börnin í útiveru og borða hádegisverð.

Þrjár kennslustundir vikulega í skólaíþróttir og sund, annað er í höndum umsjónarkennara og list- og verkgreinakennara.

Þar fyrir utan er boðið upp á frístund frá því að leikskólar opna í ágúst fram að skólasetningu og frá skólaslitum í júní og þar til leikskólar loka. Frístund hefur verið starfandi í öllum leyfum, um jól, páska og vetrarfrí. Grunnskólabörn í Krikaskóla geta því verið í skólanum og/eða frístund allt árið um kring ef frá er talið sumartímann (4 vikur í orlof) né á starfsdögum skólans.

Viktoría Unnur Viktorsdóttir, skólastjóri Krikaskóla